

91

20. júlí

89. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað. Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júlí 1938.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

92

21. júlí

## AUGLÝSING

**um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.**

Samkvæmt lögum nr. 10 1. febrúar 1936, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum, verða þeir, sem óska að selja eða flytja til útlanda sildarlýsi, þorskalýsi, sildarmjöl, fiskimjöl, beinamjöl, gærur, skinn eða ull, að fá til þess leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Enn fremur verða þeir, sem óska að selja eða flytja til útlanda hrogn, harðfisk eða lax, að fá til þess leyfi fiskimálanefndar.

Umsóknunum skulu fylgja upplýsingar um verð vörunnar og til hvaða lands á að selja hana.

Útflutningur án leyfis samkvæmt framansögðu varðar sektum samkvæmt lögum.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júlí 1938.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

93

26. júlí

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Einars Helgasonar, garðræktarstjóra, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra, 26. júlí 1938.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir minningarsjóð Einars Helgasonar, garðræktarstjóra.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Einars Helgasonar, garðræktarstjóra.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjöfum frá einstökum mönnum og stofnunum til minningar um mikil og vel unnin störf Einars Helgasonar, garðræktarstjóra, í þágu garðræktarinnar í landinu.